

FÖSTUDAGSMOLINN



LÍFIÐ ER NÚNA

ÞAÐ VORU ÞUNG SPORIN Í VIKUNNI ÞEGAR HÚN ELSKULEGA VIGDÍS KVADDI OKKUR EFTIR SNARPA OG ERFIÐA BARÁTTU VIÐ KRABBAMEIN. VIGDÍS VANN SEM NÁMSRÁÐGJAFI VIÐ GRUNNSKÓLANN EN LÉT AF STÖRFUM SÍÐASTA VOR. HÚN TENGDIST BÆÐI NEMENDUM OG STARFSFÓLKI STERKUM BÖNDUM ENDA VAR HÚN EINSTAKLEGA HLÝ, HVETJANDI OG ÚRRÆÐAGÓÐ. HÚN STÓÐ ALLTAF MEÐ NEMENDUM OG TALAÐI ÞEIRRA MÁLI. HUGUR OKKAR ALLRA HEFUR VERIÐ HJÁ HENNI OG FJÖLSKYLDU HENNA SÍÐUSTU MÁNUÐI. TIL AÐ HEIÐRA MINNINGU ÞESSARAR STÖRKOSTLEGU KONU OG TRAUSTU VINKONU KEYPTUM VIÐ OKKUR ARMBÖND FRÁ KRAFTI OG NÁÐUM UM LEIÐ AÐ STYRKJA KRAFT, SEM ER STUÐNINGSFÉLAG FYRIR UNGT FÓLK SEM GREINST HEFUR MEÐ KRABBAMEIN OG AÐSTANDENDUR ÞEIRRA, UM TÆPAR 150 ÞÚSUND KRÓNUR. MINNING VIGDÍSSAR MUN LIFA INNAN VEGGJA SKÓLANS UM ÓKOMNA TÍÐ ENDA SETTI HÚN VARANLEG SPOR Á SKÓLASTARFIÐ MEÐ NÆRVERU SINNI OG LÍFSVIÐHORFUM. LÍFIÐ ER NÚNA!



FRAMUNDAN

MÁNUDAGUR 6. FEBRÚAR - DAGUR

LEIKSKÓLANS

MATSEÐILL: STEIKTUR FISKUR (ÞORSKUR)
KARTÖFLUR, OFNBAKAÐ GRÆNMETI,
LAUKFEITI, SALAT OG GRÆNMETI.

- NEMENDARÁÐSFUNDUR KL 8:20
- KÓRÆFING Í HÁDEGINU.

ÞRIÐJUDAGUR 7. FEBRÚAR - DAGUR

TÓNLISTARSKÓLANS

MATSEÐILL: GRÝTA (LAMBA OG NAUTAHAKK),
KARTÖFLUMÚS, SALAT OG GRÆNMETI.

- HEIMANÁM KL 14:30 Í STOFU 5. BEKKJAR.

MIÐVIKUDAGUR 8. FEBRÚAR

MATSEÐILL: MEXÍKÓSKUR FISKUR
(ÞORSKUR), HRÍSGRJÓN, SALAT OG
GRÆNMETI.

- MORGUNSÖNGUR KLUKKAN 8:20
- DANS



FIMMTUDAGUR 9. FEBRÚAR

MATSEÐILL: KJÚKLINGAFINGUR,
BÁTAKARTÖFLUR, SALAT OG GRÆNMETI.

- HEIMANÁM KL 14:30 Í STOFU 5. BEKKJAR.
- DANS

FÖSTUDAGUR 10. FEBRÚAR

MATSEÐILL: LAMBAKJÖT, KARTÖFLUR, KARRÝ
OG GRÆNMETI.



ENDURSKOÐAÐAR SÍMAREGLUR

ENDURSKOÐUN SÍMAREGLNA ER LOKS LOKIÐ.
FRÆÐSLURÁÐ SAMÞYKKTÍ REGLURNAR Á FUNDI 2.
FEBRÚAR. NÝJAR REGLUR ERU KOMNAR INN Á
HEIMASÍÐUNA OG ÞAÐ MÁ KYNNA SÉR ÞÆR ÞAR. ÞÆR
TAKA GILDI MÁNUDAGINN 6. FEBRÚAR.

VIÐ ÆTLUM NÚNA AÐ LEGGJAST ÖLL Á EITT AÐ
FRAMFYLGJA ÞESSUM REGLUM OG BIÐJUM FORELDRA AÐ
HJÁLPA OKKUR EINS OG ÞEIR GETA. HÉR TIL HLIÐAR
ERU DÆMI UM ÞAÐ SEM FORELDRAR GETA GERT TIL AÐ
STYÐJA OKKUR Í ÞESSU.

VIÐ TRÚUM ÞVÍ INNILEGA AÐ VIÐ SÉUM AÐ GERA
BÖRNUM OKKAR GOTT MEÐ ÞESSU OG VIÐ ERUM MEÐ
ÞEIRRA HAG Í FYRIRRÚMI.

- EF BARN ÞITT HRINGIR Í ÞIG Á SKÓLATÍMA ÚR
SÍMANUM SÍNUM GETUR ÞÚ BEIÐ ÞAÐ AÐ HRINGJA
AFTUR Í ÞIG ÚR SÍMANUM HJÁ HELGU.
- EF BARN ÞITT ER AÐ SENDA ÞÉR SKILABOÐ Í
GEGNUM SAMFÉLAGSMÍÐLA EÐA SMS ÞÁ BIÐUR ÞÚ
ÞAÐ AÐ HRINGJA Í ÞIG HJÁ HELGU, EF ERINDIÐ
ER BRÝNT.
- RÆÐUM VIÐ BÖRNIN AÐ ÞAU EIGI EKKI AÐ VERA
MEÐ SÍMANN Á SKÓLATÍMA.
- EF VIÐ ÞURFUM AÐ KOMA UPPLÝSINGUM TIL
NEMENDA Á SKÓLATÍMA ÞÁ HRINGJUM VIÐ Í HELGU.